

September 2024



Mat á áhrifum á fjárhag sveitarfélaga

Skýrsla starfshóps um feril um
kostnaðarmat

Innviðaráðuneytið

Sölvhólsgötu 7

545 8200 / irn@irn.is

Mat á áhrifum á fjárhag sveitarfélaga

September 2024

Umbrot og textavinnsla:

Innviðaráðuneytið

©2022 Innviðaráðuneytið

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Verkefnið	5
3. Núverandi ferill mats á fjárhagsáhrifum	6
4. Tillaga starfshóps	11
4.1 Endurskoðun 129. gr. sveitarstjórnarlaga, m.a. um úrlausn ágreiningsmála og eftirfylgni mats á fjárhagslegum áhrifum	11
4.2 Bættur ferill mats á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög.....	17
4.3 Leiðbeiningar um gerð áhrifamats.....	22
5. Niðurlag	23
6. Viðauki	24
7. Fylgiskjöl	26
a. Mat á áhrifum lagasetningar	26
b. Samþykkt ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna.....	30
c. Gátlisti við mat á fjárhagsáhrifum	34

1. Inngangur

[Þingsályktun](#) um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024–2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028 var samþykkt á Alþingi þann 5. desember 2023. Aðgerðaáætlunin hefur að geyma 18 aðgerðir á málefnasviði sveitarfélaga, m.a. á sviði fjármála, þjónustu, stafrænnar umbreytingar, lýðræðisþátttöku og umhverfismála.

Sjötta aðgerð aðgerðaáætlunarinnar felur í sér endurskoðun á ferli kostnaðarmats, þ.e. mati á hugsanlegum áhrifum frumvarpa, tillagna að stjórnvaldsfyrirmælum eða annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu ríkisins á fjárhag sveitarfélaga. Með aðgerðinni er komið til móts við gagnrýni sveitarfélaganna, m.a. um að dæmi séu um að kostnaðarmat af þessu tagi séu ekki gert, matið sé oft ekki nægilega faglegt, óljóst sé hvenær leita eigi umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og hvernig leyst skuli úr ágreiningi.

Aðgerðin felur í sér skipun starfshóps til að skilgreina feril kostnaðarmats í þeim tilgangi að tryggja sátt um matið og fjármögnun viðkomandi verkefna. Gengið verði út frá því að mat á fjárhagsáhrifum feli í sér skýrar þjónustukröfur og fullnægjandi upplýsingar um fjármögnun. Matið verði ávallt borið undir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar í samræmi við 129. gr. sveitarstjórnarlaga. Síðast en ekki síst taki starfshópurinn afstöðu til þess hvernig farið verði með úrlausn ágreiningsmála milli ríkis og sveitarfélaga um mat á fjárhagsáhrifum.

Starfshópur um feril kostnaðarmats undir forystu tveggja fulltrúa innviðaráðuneytisins var formlega skipaður þann 31. október árið 2023. Starfshópurinn hélt tíu fundi frá því í lok árs 2023 fram á haustið 2024 áður en hann skilaði af sér skýrslu þessari.

Eftirtalin skipuðu hópinn:

- Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, fulltrúi innviðaráðuneytis
- Árni Sverrir Hafsteinsson, fulltrúi innviðaráðuneytis
- Hlynur Hreinsson, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytis
- Una Björk Ómarsdóttir, fulltrúi dómsmálaráðuneytis
- Valgerður Rún Benediktsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

2. Verkefnið

Í verklýsingu er starfshópnum falið að gera tillögu að nauðsynlegum úrbótum á ferli kostnaðarmats lagafrumvarpa, tillagna að stjórnvaldsfyrirmælum eða öðrum stefnumarkandi ákvörðunum af hálfu ríkisins og annarrar stefnumótunar vegna hugsanlegs kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin.

Af einstökum verkþáttum er sérstaklega dregið fram að hópnum sé falið að bæta gæði endanlegs áhrifamats og tryggja að skýrar sé kveðið á um hvenær senda eigi matið til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áréttað er að honum sé falið að gera tillögu að því hvernig skorið verði úr ágreiningi um kostnaðarmat.

Lagt er til að starfshópurinn skili niðurstöðu sinni í skýrslu og flæðiriti um feril mats á fjárhagsáhrifum frá upphafi til enda. Jafnframt verði tryggt að niðurstöður hans verði aðgengilegar öllum viðkomandi aðilum.

3. Núverandi ferill mats á fjárhagsáhrifum

Mestrar formfestu gætir um mat á fjárhagslegum áhrifum stjórnarfrumvarpa. Ferill mats af þessu tagi hefst alla jafna á því að unnið er svokallað frummat á áhrifum viðkomandi frumvarps, m.a. á sveitarstjórnarstigið í heild sinni eða einstök sveitarfélög, innan eða á vegum viðkomandi fagráðuneytis. Frummatið er rýnt af fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Frummat á áhrifum er unnið í sérstöku eyðublaði og samkvæmt gátlista fjármála- og efnahagsráðuneytis við mat á áhrifum¹. Frummatið fylgir áformum um lagasetningu í samráðsgátt stjórnvalda, sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna frá 24. febrúar 2023.

Eftir að samráðsferlinu lýkur er hafist handa við gerð ítarlegs mats á fjárhagslegum áhrifum í samræmi við 66. gr. laga um opinber fjármál og 129. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í 1. mgr. 66. gr. laga um opinber fjármál er kveðið á um mat á áhrifum stjórnarfrumvarpa.

Þar segir:

Hver ráðherra skal leggja mat á áhrif stjórnarfrumvarpa, þ.m.t. fjárhagsleg áhrif, áður en þau eru lögð fyrir ríkisstjórn og Alþingi samkvæmt reglum um starfshætti ríkisstjórnar. Við mat á áhrifum stjórnarfrumvarpa skulu markmið og tilætluð áhrif lagasetningar dregin skýrt fram.

¹ Sjá fylgiskjöl.

Í 3. mgr. sömu greinar kemur fram að einnig skuli gert mat á áhrifum reglugerða.

Þar segir:

Hverjum ráðherra er skylt að leggja fyrir ráðherra² til umsagnar reglugerðir sem verulega þýðingu geta haft í fjárhagslegu eða efnahagslegu tilliti áður en þær taka gildi.

Í 1. mgr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga um kostnaðarmat er kveðið á um mat á áhrifum stjórnarfrumvarpa, tillagna að stjórnvaldsfyrirmælum eða annarra stefnumarkandi ákvarðana sem áhrif hafi á fjárhag sveitarfélaga.

Þar segir:

Ef fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi, tillaga að stjórnvaldsfyrirmælum eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu stjórnvalda ríkisins muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skal fara fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélaga. Viðkomandi ráðherrar bera ábyrgð á því að slíkt mat fari fram.

Ekki er fyrir hendi fullnægjandi yfirsýn yfir hvernig mati á fjárhagslegum áhrifum tillagna að stjórnvaldsfyrirmælum eða öðrum stefnumarkandi ákvörðun er háttað þótt flest bendi til þess að ferillinn sé oft keimlíkur ferli lagafrumvarpa, einkum í tilvikum þingsályktunartillagna. Þó ber að taka fram að þingsályktana er hvergi sérstaklega getið í lögnum og er líklegasta skýringin fólgin í því að þingsályktanir séu taldar falla undir skilgreiningu stefnumarkandi ákvarðana.

² Fjármála- og efnahagsráðherra.

Eftir að mat á fjárhagslegum áhrifum liggur fyrir kveður ofangreind 129. gr. sveitarstjórnarlaga á um að matið sé lagt fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar.

Þar segir:

Þegar mat á fjárhagslegum áhrifum tillögu að lagafrumvarpi, tillögu að stjórnvaldsfyrirmælum eða annarra stefnumarkandi ákvarðana, sbr. 1. mgr., liggur fyrir skal það þá þegar lagt fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar.

Næsta skref í ferlinu felst í því að frumvarp til laga eða önnur stefnumörkun af hálfu ríkisins er ásamt niðurstöðu mats á áhrifum viðkomandi stefnumótunar á fjárhag sveitarfélaga birt í samráðsgátt stjórnvalda.

Eftir að umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga liggur fyrir er áhrifamat stjórnarfrumvarpa rýnt af fjármála- og efnahagsráðuneyti í samræmi við 2. mgr. 66. gr. laga um opinber fjármál. Ef fjármála- og efnahagsráðherra telur ástæðu til, veitir hann umsögn um matið og eftir atvikum efnahagslega þýðingu þess frumvarps sem í hlut á. Leggja skal umsögn af því tagi fyrir ríkisstjórn og Alþingi með viðkomandi frumvarpi í samræmi við ofangreinda lagagrein.

Í reynd hefur fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytisins tekist að komast að samkomulagi við viðkomandi fagráðuneyti um breytingar á áhrifamati þegar á hefur þurft að halda eða tíundað galla þess í afstöðuskjali til ríkisstjórnar svo ekki hefur reynt á heimild ráðherra til sérstakrar umsagnar um matið.

Í 10. gr. samþykktar ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna³ er ferlið nánar útfært. Þar segir að áhrifamat frumvarpa skuli kynnt fjármála- og efnahagsráðherra að jafnaði tveimur vikum áður en fyrirhugað sé að leggja frumvarp fyrir ríkisstjórn.

³ Sjá fylgiskjal.

Í framhaldi af því segir:

Fjármála- og efnahagsráðherra skal leggja mat á það innan tveggja vikna frá því að frumvarp berst honum hvort hann telji ástæðu til að veita umsögn um matið og eftir atvikum efnahagslega þýðingu þess. Viðkomandi ráðuneyti og dómsmálaráðuneytinu skal tilkynnt afstaða fjármála- og efnahagsráðherra þegar hún liggur fyrir. Kjósi fjármála- og efnahagsráðherra að veita umsögn skal hann senda viðkomandi ráðherra umsögn sína eigi síðar en fjórum vikum eftir að frumvarp barst honum til kynningar og skal umsögnin þá fylgja frumvarpinu þegar það er lagt fyrir ríkisstjórn og Alþingi.

Eftir ofangreint ferli telst áhrifamat endanlegt og fylgir viðkomandi frumvarpi eða þingsályktunartillögu í loka gæðarýni í dómsmálaráðuneytinu, sbr. III. kafla samþykktar ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna. Að því loknu er frumvarpið með viðeigandi mati og tilheyrandi umsögnum lagt fyrir ríkisstjórn.

Aðeins er fjallað um úrlausn hugsanlegs ágreinings um áhrifamat í 4. mgr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga. Þar segir að verði ágreiningur um niðurstöðu kostnaðarmats á lagafrumvarpi skuli gerð sérstök grein fyrir því í kostnaðarmati og kostnaðarumsögn með frumvarpinu á Alþingi. Jafnframt kemur fram að verði ágreiningur um niðurstöðu kostnaðarmats tillögu að stjórnvaldsfyrirmælum eða annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu stjórnvalda skuli niðurstaðan koma fram í endanlegu kostnaðarmati þeirrar ákvörðunar.

Síðast en ekki síst kemur fram í greininni að ráðuneyti sveitarstjórnarmála skuli árlega taka saman yfirlit um kostnaðarmat samkvæmt greininni, þ. á m. um ágreining um slíkt mat. Formlegar viðræður skuli fara fram um yfirlitið og niðurstöður þess í svokölluðu samstarfsráði samkvæmt 128. gr. laganna.

Áður en sagt er skilið við umfjöllun um feril áhrifamats skal ítrekað að þrátt fyrir ofangreind ákvæði laga um opinber fjármál og sveitarstjórnarlaga um

að mat á fjárhagslegum áhrifum skuli fara fram eru dæmi um að slíkt mat hafi ekki verið gert, einkum gagnvart annarri stefnumótun ríkisins en stjórnarfrumvörpum og þingsályktunartillögum.

Jafnframt hefur verið bent á að ekki sé nægilega skýrt kveðið á um hvenær leggja beri áhrifamat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar. Nú er framkvæmdin ýmist á þann veg að Sambandið skilar inn umsögn um stefnumótunina í samráðsgátt stjórnvalda eða fær matið sent til umsagnar í kjölfar úrvinnslu umsagna úr gáttinni.

4. Tillaga starfshóps

Starfshópurinn leggur til breytingar á 129. gr. sveitarstjórnarlaga í því skyni að stuðla að skýrari ferli mats á fjárhagslegum áhrifum frumvarpa, stjórnvaldsfyrirmæla og annarrar stefnumarkandi ákvarðana á sveitarfélögin. Jafnframt leggur hópurinn fram tillögu um tvenns konar verkferla um matið, annars vegar gagnvart frumvörpum og hins vegar gagnvart stjórnvaldsfyrirmælum og öðrum stefnumarkandi ákvörðunum. Síðast en ekki síst leggur hópurinn fram tillögu að leiðbeiningum/gátlista til að stuðla að samræmdu, faglegu verklagi við mat á áðurnefndum áhrifum.

Starfshópurinn leggur með öðrum orðum fram tillögu um:

- Endurskoðun 129. gr. sveitarstjórnarlaga, m.a. um úrlausn ágreiningsmála og endurmat á áhrifum frumvarpa, stjórnvaldsfyrirmæla og annarrar stefnumarkandi ákvarðana á fjárhag sveitarfélaga.
- Ferla mats annars vegar á áhrifum frumvarpa og hins vegar stjórnvaldsfyrirmæla og annarra stefnumarkandi ákvarðana á fjárhag sveitarfélaga.
- Leiðbeiningar/gátlista um gerð mats á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög.

4.1 Endurskoðun 129. gr. sveitarstjórnarlaga, m.a. um úrlausn ágreiningsmála og eftirfylgni mats á fjárhagslegum áhrifum

Starfshópurinn leggur til að fyrirsögn 129. gr. sveitarstjórnarlaga verði breytt úr *Kostnaðarmat í Mat á fjárhagslegum áhrifum*. Tilgangur breytingarinnar er að fanga betur viðfangsefni lagagreinarinnar. Jafnframt er með breytingunni stuðlað að samræmi í orðnotkun yfir áhrif ýmiss konar stefnumótunar á starfsemi sveitarfélaganna.

Önnur meginbreytingin felst í því að lagt er til að lagagreinin verði ítarlegri en áður. Vegur þar þýngst skýrara ákvæði um hvernig skorið verði úr ágreiningi ásamt ákvæði um endurmat á meðan á þinglegri meðferð stendur og að tilteknum tíma liðnum frá gildistöku frumvarpa, annarra stjórnvaldsfyrirmæla eða stefnumarkandi ákvarðana af hálfu ríkisins. Tillaga

starfshópsins felur í sér að lagagreinin lengist úr fimm málsgreinum í sjö þrátt fyrir að ein málsgrein falli út.

Hér er gerð grein fyrir tillögu starfshópsins um endurskoðun hvernar málsgreinar 129. gr. sveitarstjórnarlaga fyrir sig:

1. mgr.

Ef fyrirsjáanlegt er að stjórnarfrumvarp, stjórnvaldsfyrirmæli eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu ríkisins muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skal fara fram sérstakt mat á þeim áhrifum. Viðkomandi ráðherra skal tryggja að slíkt mat fari fram.

Ofangreind fyrsta málsgrein tillögunnar er efnislega óbreytt frá gildandi lögum að því frátöldu að gerð er tillaga um lagfæringu og styttingu á orðalagi. Lögð er til orðalagsbreyting á síðustu setningu ákvæðisins. Í stað þess að mælt sé fyrir um að viðkomandi ráðherra *beri ábyrgð* á því að fjárhagslegt mat fari fram er mælt fyrir um að viðkomandi ráðherra *tryggi* að slíkt mat fari fram enda er óljóst um hvers konar ábyrgð ræðir, t.a.m. hvort um fjárhagslega eða jafnvel refsíábyrgð sé að ræða.

Vísun til mats á fjárhagslegum áhrifum stjórnarfrumvarps felur einnig í sér frummat á áhrifum áforma um lagasetningu, sbr. verkferla samkvæmt fyrrnefndri samþykkt ríkisstjórnarinnar.

2. mgr.

Við mat á fjárhagslegum áhrifum skv. 1. mgr. skulu markmið og tilætluð áhrif dregin skýrt fram ásamt skýrri lýsingu á þjónustukröfum tillagnanna. Á þeim grunni skal meta áhrif þeirra á sveitarfélög. Í matinu skal m.a. lagt til hvernig sá kostnaður sem tillagan leiðir af sér verði fjármagnaður.

Önnur málsgrein tillögunnar er nýmæli og felur í sér leiðbeiningar um hvað fjárhagslegt áhrifamat feli í sér og skyldu ríkisins til þess að gera grein fyrir fjármögnun.

3. mgr.

Þegar mat á fjárhagslegum áhrifum stjórnarfrumvarps, fyrirhugaðra stjórnvaldsfyrirmæla eða annarra stefnumarkandi ákvarðana, sbr. 1. mgr., liggur fyrir skal matið þegar lagt fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga og því gefinn hæfilegur frestur til umsagnar.

Þriðja málsgrein tillögunnar felur í sér viðbót við lagabreytinguna þess efnis að veita eigi Sambandi íslenskra sveitarfélaga hæfilegan frest til umsagnar.

4. mgr.

Mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög samkvæmt þessari grein skal liggja fyrir áður en frumvarp er afgreitt úr ríkisstjórn til framlagningar á Alþingi eða áformuð stjórnvaldsfyrirmæli eða aðrar aðgerðir af hálfu stjórnvalda eru endanlega ákveðnar.

Fjórða málsgrein tillögunnar er óbreytt frá gildandi lögum.

5. Mgr.

Verði ágreiningur um niðurstöðu mats á fjárhagslegum áhrifum getur hvor aðili um sig vísað ágreiningsefninu til samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga skv. 3. mgr. 128. gr. Skal umsögn nefndarinnar getið í greinargerð með frumvarpi eða tillögu til þingsályktunar. Þegar um er að ræða stjórnvaldsfyrirmæli eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir skal viðkomandi ráðherra upplýsa Samband íslenskra sveitarfélaga um afstöðu sína til umsagnar nefndarinnar.

Fimmta málsgrein tillögunnar felur í sér töluverða breytingu frá gildandi lagaákvæði um úrlausn ágreinings. Í stað þess að aðeins sé gerð grein fyrir ágreiningi ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsleg áhrif frumvarps eða annarra áformaðra stjórnvaldsfyrirmæla á sveitarfélögin er hvorum aðila fyrir sig heimilað að vísa ágreiningi til samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 128 gr. sveitarstjórnarlaga. Umsögn nefndarinnar skal reifuð í greinargerð með frumvarpi eða tillögu til þingsályktunar.

Í samræmi við 3. mgr. 128. gr. sveitarstjórnarlaga er nefndin skipuð tveimur fulltrúum ríkisins og þremur fulltrúum sveitarfélaganna og fundar að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Efnt er til aukafunda þegar sérstakt tilefni þykir til að efna til slíkra funda vegna samskipta ríkis og sveitarfélaga. Undir nefndina heyra þrjár fastanefndir. Því til viðbótar hefur nefndin skipað tímabundna starfshópa til að leysa úr afmörkuðum verkefnum. Með hliðsjón af því gæti nefndin skipað tímabundnar nefndir til að leggja mat á ágreining fulltrúa ríkis og sveitarfélaga um mat á fjárhagslegum áhrifum.

Í endurskoðuðu ákvæði er gert ráð fyrir því að ráðherra upplýsi Samband íslenskra sveitarfélaga um afstöðu sína til umsagnar nefndarinnar þegar um stjórnvaldsfyrirmæli eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir er að ræða.

6. mgr.

Mat á fjárhagslegum áhrifum og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga skal liggja fyrir áður en frumvarp eða þingsályktunartillaga er afgreitt úr ríkisstjórn til framlagningar á Alþingi eða áformuð stjórnvaldsfyrirmæli eða aðrar aðgerðir af hálfu stjórnvalda eru endanlega ákveðnar. Ef breytingar verða á hagrænum forsendum eða tekjuöflunarforsendum frumvarps eða þingsályktunartillögu á meðan á þinglegri meðferð stendur leggur viðkomandi ráðherra mat á áhrif þeirra og gerir sambandinu og þingnefnd þeirri sem hefur frumvarpið til meðferðar grein fyrir því mati.

Sjötta málsgrein tillögunnar felur í sér nýmæli þess efnis að viðkomandi ráðherra bregðist við breytingum á hagrænum forsendum eða tekjuöflunarforsendum frumvarps eða þingsályktunartillögu á meðan á þinglegri meðferð stendur með því að leggja mat á áhrif þeirra á fjárhag sveitarfélags/-a og gera sambandinu og þingnefnd þeirri sem hefur frumvarpið til meðferðar grein fyrir því mati.

Viðbótin er lögð til í því skyni að tryggja nauðsynlegar breytingar á mati ef forsendur breytast á meðan á þinglegri meðferð stendur. Í slíkum tilvikum þykir bæði rétt og skylt að endurmat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélögin fari fram.

7. mgr.

Hvor aðili fyrir sig getur að liðnum fimm eða tíu árum frá lagasetningu, setningu stjórnvaldsfyrirmæla eða samþykkt annarra stefnumarkandi ákvarðana, sem fela í sér veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga, farið þess á leit við Ríkisendurskoðun að endurmat fari fram á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög samkvæmt þessari grein. Leiði skoðun embættisins í ljós að fjármögnun lagasetningar, stjórnvaldsfyrirmæla eða annarra stefnumarkandi ákvarðana, að teknu tilliti til þjónustulýsinga, sé í verulegu ósamræmi við upprunalegt fjárhagslegt áhrifamat skal viðkomandi ráðherra eiga frumkvæði að viðeigandi ráðstöfunum. Þessar ráðstafanir geta m.a. falið í sér tillögur um leiðréttingu á fjármögnun eða breytingu á þjónustukröfum. Um ákvörðun Ríkisendurskoðunar um hvort taka skuli beiðni um endurskoðun til greina fer samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun.

Sjöunda málsgreinin er nýmæli og felur í sér rétt aðila til að fara fram á að Ríkisendurskoðun endurmeti fjárhagsleg áhrif lagasetningar, annarra stjórnvaldsfyrirmæla eða stefnumarkandi ákvarðana fimm eða tíu árum eftir setningu þeirra. Skilyrði er að stefnumótunin feli í sér veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélaganna. Tillagan er lögð fram með hliðsjón af því að ýmsir ytri og innri áhrifaþættir í síbreytilegu samfélagi geta haft áhrif á tekjur, kostnað og eignastöðu sveitarfélaga vegna ólíkra þjónustubátta.

Tillaga starfshópsins um ákvæðið var borin undir embætti ríkisendurskoðanda. Í svari embættisins kemur fram að brýnt sé að sveitarfélög og ríki sitji við sama borð hvað hugsanlega aðkomu Ríkisendurskoðunar varði. Ekki sé síður mikilvægt að embættinu sé tryggður sami aðgangur að gögnum sveitarfélaganna og gögnum ríkisins við endurskoðun af þessu tagi. Stjórnsýsluleg staða Sambands íslenskra sveitarfélaga kunní í því sambandi að skipta máli. Ef sátt geti ríkt um fyrirkomulagið geti embættið vel staðið undir hlutverkinu.

Með tillögu að sjöundu málsgrein lagagreinarinnar er þess freistað að draga úr líkum á því að ríki og sveitarfélög eigi í langvinnnum deilum vegna áhrifa stefnumörkunar stjórnvalda á fjárhag sveitarfélaga. Er þar skemmst að minnast deilna um kostnað vegna þjónustu við fatlað fólk. Ekki þykir þó nauðsynlegt að gera ráð fyrir endurmati nema einu sinni að liðnum fimm eða tíu árum eins og segir í tillögunni.

Eftir að tíu ár eru liðin frá lagasetningu er litið svo á að öll umgjörð þjónustuvæntinga og tekjustofna sveitarfélaga hafi tekið slíkum breytingum að ekki sé hægt að meta einstaka ráðstöfun úr samhengi við aðra áhrifaþætti. Er því ekki gert ráð fyrir endurskoðun einstaks áhrifamats gagnvart áður ráðgerðri fjármögnun að meira en tíu árum liðnum. Nærtækara þykir að svo löngum tíma liðnum að fram fari breiðara samtal um tekjustofna sveitarfélaga og almenna hlutverkaskiptingu ef tilefni er til. Fellur slíkt samtal og greiningarvinna utan greinarinnar enda ekki um kostnaðarmat vegna einstakrar ráðstöfunar að ræða.

Lokamálsgrein núgildandi 129. gr. sveitarstjórnarlaga felur í sér að innviðaráðuneytið taki árlega saman yfirlit um kostnaðarmat til umræðu í samstarfsráði skv. 2. mgr. 128. gr. laganna. Starfshópurinn leggur til að þessi málsgrein falli niður enda hefur ákvæðið ekki verið virkt um árabíl.

Að lokum leggur starfshópurinn til að skylda ráðherra til að tryggja að fjárhagslegt áhrifamat fari fram sé ítrekuð í greinargerð með frumvarpi um endurskoðun lagagreinarinnar. Ef mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélögin hefur af einhverjum ástæðum ekki farið fram, beri ráðherra að tryggja að matið fari fram hið fyrsta og sé borið undir ríkisstjórn.

Starfshópurinn vekur athygli á því að hvorki í gildandi löggjöf né tillögum að endurskoðun 129. gr. sveitarstjórnarlaga er gerð grein fyrir því hvernig meta skuli áhrif þingmannafrumvarpa eða þingsályktana á fjárhag sveitarfélaga þegar sýnt þygi að slíkar tillögur hljóti staðfestingu þingsins. Í því skyni að bæta úr þessum veikleika veltu fulltrúar í starfshópnum því fyrir sér hvort ástæða væri til að Alþingi setti sér verkferla til að tryggja að mat á áhrifum slíkrar lagasetningar og stjórnvaldsákvæðana á fjárhag sveitarfélaganna færi alltaf fram.

Með áherslu starfshópsins á mat á fjárhagslegum áhrifum frumvarpa, þingsályktunartillagna, stjórnvaldsfyrirmæla, þingsályktunartillagna og annarra stefnumarkandi ákvarðana er stutt við ætlan ríkisins um að áhrifamat farið undantekningarlaust fram. Að sama skapi er komið til móts við ábendingar fulltrúa sveitarfélaganna um að dæmi séu um að matið fari hreinlega ekki fram og/eða óskað sé eftir að Samband íslenskra sveitarfélaga vinni matið.

4.2 Bættur ferill mats á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög

Starfshópurinn gerir tillögu um tvo ferla um mat á fjárhagslegum áhrifum frumvarpa, stjórnvaldsfyrirmæla og annarra stefnumarkandi ákvarðana á sveitarfélög. Annar ferillinn nær einvörðungu til frumvarpa, bæði þingmanna- og stjórnarfrumvarpa. Hinn nær til stjórnvaldsfyrirmæla og annarra stefnumarkandi ákvarðana ásamt því að víkja sérstaklega að þingsályktunartillögum.

Hópurinn leggur áherslu á að ferlarnir séu vel kynntir og þeim sé fylgt eftir með öguðum vinnubrögðum í viðkomandi ráðuneytum og innan Sambands íslenskra sveitarfélaga til að þeir þjóni tilgangi sínum sem best. Þar má nefna að skipaðir séu tengiliðir innan viðkomandi eininga.

i. Ferill fjárhagslegs áhrifamats frumvarpa verði eftirfarandi:

1. Viðkomandi fagráðuneyti gerir frummat á áhrifum áformaðs stjórnarfrumvarps, þ. á m. fjárhagslegum áhrifum. Frummatið er yfirfarið af fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Ef frummatið leiðir í ljós fjárhagsleg áhrif á sveitarfélag/-félög lætur viðkomandi fagráðuneyti Samband íslenskra sveitarfélaga sérstaklega vita af þeirri niðurstöðu. Matið fylgir áformum um frumvarp í samráðsgátt stjórnvalda.

2. Ráðuneytið fylgir leiðbeiningum og/ eða gátlista⁴ við gerð ítarlegs mats á fjárhagslegum áhrifum stjórnarfrumvarps á sveitarfélögin öll eða einstök eftir því sem við á hverju sinni. Matið fylgir frumvarpi og öðrum gögnum í samráðsgátt stjórnvalda.
3. Ráðuneytið vinnur endanlegt mat á fjárhagslegum áhrifum stjórnarfrumvarps með hliðsjón af umsögnum úr samráðsgáttinni eftir atvikum í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneyti og Samband Íslenskra sveitarfélaga.
4. Ráðuneytið kynsir endanlegt mat á áhrifum stjórnarfrumvarps samtímis fyrir:
 - a. Fjármála- og efnahagsráðuneyti⁵ til yfirferðar eigi síðar en **tveimur vikum** áður en fyrirhugað er að leggja viðkomandi frumvarp fram í ríkisstjórn.
 - b. Sambandi Íslenskra sveitarfélaga til umsagnar **innan sama tímaramma**.

Ef breytingar verða á hagrænum forsendum eða tekjuöflunarforsendum frumvarps þegar áhrifamatið er í skoðun hjá fjármála- og efnahagsráðherra, skal upplýsa Samband Íslenskra sveitarfélaga um breytingarnar þegar í stað um breytinguna.

Ef fjármála- og efnahagsráðherra kýs að skrifa umsögn um matið sendir hann viðkomandi ráðherra umsögnina eigi síðar en fjórum vikum eftir að frumvarp barst honum til kynningar.

Ef ágreiningur

5. Ef Samband Íslenskra sveitarfélaga er ósammála niðurstöðu áhrifamatsins, hvort heldur er vegna fjármögnunar verkefna, þjónustukrafna sem leiða má af frumvarpi eða af öðrum ástæðum, skal Sambandið lýsa því yfir með tilkynningu til viðkomandi ráðuneytis að ágreiningur sé um áhrifamatið og í hverju hann felst.

⁴ Sjá í viðauka.

⁵ Í 10. gr. samþykktar ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna segir að kostnaðarmat frumvarpa skuli kynnt **fjármála- og efnahagsráðherra** að jafnaði tveimur vikum áður en fyrirhugað sé að leggja frumvarp fyrir ríkisstjórn.

Sambandið getur lýst yfir ágreiningi um áhrifamat frumvarps á öllum stigum ferilsins.

6. Ef Samband íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir ágreiningi um mat á fjárhagslegum áhrifum skal ágreiningnum vísað til samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga⁶ til umsagnar, sbr. tillögu að lagabreytingu hér framar. Geta skal um umsögn nefndarinnar í greinargerð frumvarpsins.

Ef ekki er ágreiningur eða eftir ferli ágreinings

7. Fullbúin frumvörp skulu send dómsmálaráðuneyti til gæðarýni og umsagnar í síðasta lagi tveimur vikum fyrir ríkisstjórnarfund þar sem til stendur að leggja frumvarp fram. Ráðuneytið rýnir frumvarpið í heild sinni, ekki kostnaðarmatið sérstaklega.
8. Gera skal grein fyrir endanlegu mati á fjárhagslegum áhrifum og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga í greinargerð með stjórnarfrumvarpi.

Eftirfylgni

9. Ef breytingar verða á hagrænum forsendum eða tekjuöflunarforsendum frumvarps á meðan á þinglegri meðferð stendur, leggur viðkomandi ráðherra mat á áhrif þeirra og gerir sambandinu og þingnefnd þeirri sem hefur frumvarpið til meðferðar grein fyrir því mati, sbr. tillögu að lagabreytingu hér framar.
10. Hvor aðili um sig getur að liðnum fimm eða tíu árum frá lagasetningu farið þess á leit við Ríkisendurskoðun að endurmat fari fram á fjárhagslegum eða efnahagslegum áhrifum á sveitarfélög.

⁶ Jónsmessunefndar.

ii. Ferill fjárhagslegs áhrifamats stjórnvaldsfyrirmæla, þingsályktunartillagna og annarra stefnumarkandi ákvarðana verði eftirfarandi:

1. Viðkomandi fagráðuneyti gerir frummat á áhrifum áformaðra stjórnvaldsfyrirmæla, þingsályktunartillagna og annarra stefnumótandi ákvarðana, þ. á m. fjárhagslegum áhrifum. Frummatið er yfirfarið af fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Ef frummatið leiðir í ljós fjárhagsleg áhrif á sveitarfélag/-félög lætur viðkomandi fagráðuneyti Samband íslenskra sveitarfélaga sérstaklega vita af þeirri niðurstöðu. Matið fylgir áformum um frumvarp í samráðsgátt stjórnvalda.
2. Ráðuneytið fylgir leiðbeiningum og/eða gátlista⁷ við gerð ítarlegs mats á fjárhagslegum áhrifum stjórnvaldsfyrirmæla, þingsályktunartillagna og annarra stefnumótandi ákvarðana á sveitarfélögin öll eða einstök eftir því sem við á hverju sinni. Matið fylgir öðrum gögnum í samráðsgátt stjórnvalda.
3. Ráðuneytið vinnur endanlegt mat á fjárhagslegum áhrifum stjórnvaldsfyrirmæla, þingsályktunartillagna og annarra stefnumótandi ákvarðana með hliðsjón af umsögnum úr samráðsgáttinni eftir atvikum í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga.
4. Ráðuneytið kynnir endanlegt mat á áhrifum stjórnvaldsfyrirmæla, þingsályktunartillagna og annarra stefnumótandi ákvarðana, samtímis fyrir:
 - a. Fjármála- og efnahagsráðuneyti ef matið er talið hafa **veruleg fjárhagsleg áhrif** á eitt eða fleiri sveitarfélög til yfirferðar með tveggja vikna svigrúmi.
 - b. Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar **án undantekningar** ef matið er talið hafa fjárhagsleg áhrif á eitt eða fleiri sveitarfélög með tveggja vikna svigrúmi.

⁷ Sjá í viðauka.

Þegar um þingsályktunartillögu er að ræða skal fjármála- og efnahagsráðuneyti og Sambandi Íslenskra sveitarfélaga kynnt matið minnst tveimur vikum áður en tillagan er lögð fyrir ríkisstjórn. Ef breytingar verða á hagrænum forsendum eða tekjuöflunarforsendum frumvarps þegar áhrifamatið er í skoðun hjá fjármála- og efnahagsráðherra, skal upplýsa Sambandið um breytingarnar þegar í stað.

Ef ágreiningur

5. Ef Samband Íslenskra sveitarfélaga er ósammála niðurstöðu áhrifamatsins, hvort heldur er vegna fjármögnunar verkefna, þjónustukrafna sem leiða má af stjórnvaldsfyrirmælum, þingsályktunartillögum og öðrum stefnumótandi ákvörðunum eða af öðrum ástæðum, skal Sambandið lýsa því yfir með tilkynningu til viðkomandi ráðuneytis að ágreiningur sé um áhrifamatið og í hverju hann felst. Sambandið getur lýst yfir ágreiningi um áhrifamat á öllum stigum ferilsins.
6. Ef Samband Íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir ágreiningi um mat á fjárhagslegum áhrifum skal ágreiningnum vísað til samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga⁸ til umsagnar, sbr. tillögu að lagabreytingu hér framar. Viðkomandi ráðherra skal taka afstöðu til umsagnar nefndarinnar í greinargerð með þingsályktunartillögu eða með sérstakri tilkynningu til Sambandsins ef um er að ræða reglugerð eða aðra stefnumótandi ákvörðun.

Ef ekki er ágreiningur eða eftir ferli ágreinings

7. Eftir að endanleg tillaga um stjórnvaldsfyrirmæli eða aðrar stefnumótandi ákvarðanir liggur fyrir tekur við staðfesting viðkomandi ráðherra og birting í Stjórnartíðindum ef við á.

⁸ Jónsmessunefndar.

Eftirfylgni

8. Hvor aðili um sig getur að liðnum fimm eða tíu árum frá gildistöku stjórnvaldsfyrirmæla, þingsályktunartillagna og annarra stefnumótandi ákvarðana, farið þess á leit við Ríkisendurskoðun að endurmat fari fram á fjárhagslegum eða efnahagslegum áhrifum á sveitarfélög, sbr. tillögu að lagabreytingu hér framar.

Með hliðsjón af ofangreindum tveimur ferlum um mat á fjárhags- og efnahagslegum áhrifum frumvarpa, stjórnvaldsfyrirmæla og annarra stefnumarkandi ákvarðana á sveitarfélögin hefur starfshópurinn sett fram flæðirit yfir ofangreind ferli í viðauka.

4.3 Leiðbeiningar um gerð áhrifamats

Eins og fram hefur komið er gerð grein fyrir niðurstöðu frummats og endanlegs mats á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög í sérstökum reit (D-1) í eyðublaði um mat á áhrifum lagasetningar, sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 24. febrúar 2023.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gagnrýnt ólík gæði mats á fjárhagslegum áhrifum eftir ráðuneytum. Dæmi séu um að áhrifamat hafi ekki farið fram og Sambandið hafi jafnvel verið beðið um að gera sjálft mat á áhrifum lagasetningar eða annarrar stefnumótunar á sveitarfélögin.

Í samþykkt ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna segir í 11. gr. um áhrif á fjárhag sveitarfélaga að ráðuneyti sveitarstjórnarmála gefi út nánari leiðbeiningar um hvað skuli felast í matinu og um framsetningu kostnaðarumsagnar með frumvarpi sem skuli fylgja matinu ef ágreiningur hafi orðið um niðurstöðu kostnaðarmats, sbr. 4. mgr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga.

Með hliðsjón af ábyrgð innviðaráðuneytis á að gefa út leiðbeiningar um hvað skuli felast í matinu hefur starfshópurinn sett fram leiðbeiningar fyrir ráðuneyti við gerð kostnaðarmats í viðauka.

5. Niðurlag

Almenningur felur ríki og sveitarfélögum umsjón opinberrar þjónustu í trausti þess að þau sinni verkefnum sínum af skilvirkni, fagmennsku og alúð. Starfshópurinn skilar tillögum sínum í þeirri trú þær muni stuðla að markvissari samvinnu stjórnsýslustiganna í þágu almennings. Forsendan fyrir því er ekki aðeins að ferlarnir séu samþykktir heldur að tryggt sé að allir viðeigandi aðilar séu upplýstir um gildi þeirra, vinnulag og vinnuumhverfi sé sniðið að þeim hjá öllum viðkomandi aðilum. Aðeins með þeim hætti verður tilgangi með vinnu starfshópsins náð.

6. Viðauki

Gátlisti – áhrifamat ráðstafana ríkisins á fjárhag sveitafélaga

Hér eftir fer almennur gátlisti um fyrir mat á fjárhagslegum áhrifum lagafrumvarpa og annarra ráðstafana stjórnvalda á sveitarfélög sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga. Rétt er að hafa í huga hver lögbundin og lögheimil verkefni sveitarfélaga eru en yfirlit yfir þau má finna [hér](#) á vef Stjórnarráðsins. Þá getur verið hjálplegt að hafa hliðsjón af ítarlegum [gátlista við mat á fjárhagsáhrifum](#) á ríkissjóð en hafa þó í huga ólík hlutverk og verkefni ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar. Gátlistanum er skipt í tekjur, kostnað og efnahag en að neðan má einnig finna dæmi um greiningarviddir og -tæki sem nýta má við matið.

1. Tekjur

- a. Hefur ráðstöfunin bein áhrif á tekjur eða tekjustofna?

Dæmi: Breyting álagningarhlutfalls fasteignaskatts. / Hámark sett á innheimtu leikskólagjalda.

- b. Hefur ráðstöfunin óbein áhrif á tekjur eða tekjustofna?

Dæmi: Fjöldatakmarkanir á ferðamenn. / takmarkanir á uppbyggingu vegna umhverfisþátta.

- c. Raskar ráðstöfunin tekjuöflunarmöguleikum til framtíðar?

Dæmi: Möguleikar sveitarfélags til landnýtingar, t.d. undir atvinnustarfsemi, skertir með friðlýsingu.

2. Kostnaður

- a. Eykur ráðstöfunin kostnað með beinum hætti?

Dæmi: Breyting tryggingagjalds. / Kvöð sett á sveitarfélög um aukna þjónustu.

- b. Eykur ráðstöfunin kostnað með óbeinum hætti?

Dæmi: Breyting byggingareglugerðar hefur áhrif á kröfur um fermetra skólahúsnæðis.

- c. Mun ráðstöfunin auka kostnað í framtíðinni?

Dæmi: Stefnumörkun til framtíðar um breyttar þjónustukröfur t.d. varðandi fatlað fólk, börn af erlendum uppruna o.s.fv.

3. Efnahagur

- a. Breytir ráðstöfunin verðgildi eigna sveitarfélagsins?

Dæmi: Friðlýsing lands í eigu sveitarfélaga rýrir virði eigna, auknir samgönguinnviðir auka virði byggingalands.

- b. Hefur ráðstöfunin áhrif á skuldir sveitarfélaga?

Dæmi: Auknar kröfur um innviðauppbýggingu (þjónustuíbúðir fyrir fatlað fólk, skólar, fráveitukerfi o.s.frv.).

Greiningavíddir og -tæki, mat á óvissu

- Hversu mikil óvissa er tengd matinu til framtíðar?

Dæmi: Óvissa um lýðfræðilega þróun.

Matstæki: Næmigreining (e. Sensitivity Analysis) eða sviðsmyndagreining (e. Scenario Analysis) þar sem gert er ráð fyrir ólíkri þróun þeirra forsendna sem óvissa er um. Í áhrifamati er greint frá slíkum niðurstöðum með því að útskýra sviðsmyndir og niðurstöður þeirra auk þess sem gerð er grein fyrir líkum á hverri sviðsmynd eða þróun undirliggjandi breyta.

- Felst fjárhagsleg áhætta fyrir sveitarfélögin í áformunum?

Dæmi: Breyting lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna.

Matstæki: Tryggingafræðilegt mat áhrifanna + næmi- eða sviðsmyndagreining.

- Auka áhrifin hagkvæmni sveitarfélaganna?

Dæmi: Stafræn framþróun sem nýtist sveitarfélögunum, þó að teknu tilliti til stofnkostnaðar.

Matstæki: Fer eftir eðli máls, en til dæmis mætti gera kostnaðar-ábatagreiningu (e. Cost-Benefit Analysis).


- Eru áhrifin mjög ólík eftir sveitarfélögum og líkleg til að hafa veruleg áhrif á einstök sveitarfélög, til dæmis eftir lýðfræði sveitarfélaganna?

Dæmi: Úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga breytt.

Matstæki: Kostnaðargreining sundurliðuð eftir sveitarfélögum. Gert grein fyrir þeim þáttum í áformunum sem stýra ólíkum áhrifum á sveitarfélögin.

7. Fylgiskjöl

a. Mat á áhrifum lagasetningar

 <h2 style="margin: 0;">MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*</h2> <p style="margin: 0;">– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023</p> <p style="margin: 0;">*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli</p>	
Málsheiti og nr.	
Ráðuneyti	
Stig mats	<input type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. **Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs.**
 - a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?
 - b) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum.
 - c) Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?
 - d) Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldapróun.
 - e) Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlið og gjaldahlið en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu.
2. **Tekjubreytingar.**
 - Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.
3. **Útgjaldabreytingar.**
 - Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.
4. **Eignabreytingar.**
 - Sjá sérstakan gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.
5. **Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál.**
 - a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum.

- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál.
- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs.
- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur.
- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi.
- f) Opinber innkaup og útboð.
- g) Eignaumsýsla ríkisins.
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaáætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:
 - a) í gildandi fjárlögum
 - b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs
 - c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar
2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?
3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.
2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999?
 - Sjá leiðarvísinn „Grunnmat á eftirlitsreglum“
3. Samkeppnisskilyrði.
 - a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta).
 - b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja).
 - c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða edli vörunnar, t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd).

- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda virka samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)

D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.**
 - Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.
2. **Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).**
 - Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.
3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.**
 - Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.
4. **Áhrif á byggðalög.**
5. **Áhrif á frjáls félagasamtök.**
6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna.**
 - Sjá leiðarvísi fyrir mat á jafnréttisáhrifum.
 - Sjá greiningarramma fyrir jafnréttismat.
7. **Áhrif á lýðheilsu.**
8. **Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.**
9. **Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.**
10. **Áhrif á stjórnýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.**
11. **Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.**
12. **Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.**

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. **Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.**
2. **Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.**
3. **Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).**

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. **Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?**

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?
3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?

]

b. Samþykkt ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna

SAMÞYKKT RÍKISSTJÓRNARINNAR um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna, sbr. 10. gr. reglna um starfshætti ríkisstjórnar, nr. 791/2018.

I. KAFLI

Áform um lagasetningu og frummat á áhrifum.

1. gr.

Áform um lagasetningu og frummat á áhrifum.

Kynna skal áform um lagasetningu og frummat á áhrifum hennar á fundi ráðuneytisstjóra allra ráðuneyta í tæka tíð áður en byrjað er að semja frumvarp. Heimilt er að vikja frá þessu í undantekningartilvikum ef mál eru sérlega brýn eða aðrar gildar ástæður eru fyrir því að semja frumvarp og leggja fram í ríkisstjórn, sbr. III. kafla, án þess að slíkt innra samráð ráðuneyta hafi áður farið fram.

Áform um lagasetningu skulu sett fram á stöðluðu eyðublaði sem dómsmálaráðuneytið útbýr. Þar skal rekja stuttlega úrlausnarefni, markmið og helstu leiðir auk annarra lykiltríða. Frummat á áhrifum þeirrar leiðar sem lögð er til, bæði mat á fjárhagsáhrifum og öðrum áhrifum, skal vera eins ítarlegt og við verður komið. Mat á fjárhagsáhrifum skal að lágmarki unnið í samræmi við gátlista sem fjármála- og efnahagsráðuneyti útbýr. Umfang matsins ræðst meðal annars af því hve mikil fyrirsjáanleg áhrif af lagasetningu eru.

Ráðuneyti skulu fá a.m.k. tveggja vikna frest til að koma athugasemdum á framfæri. Forsætisráðuneytið metur með viðkomandi fagráðuneyti hvort kynna eigi áformin fyrir ráðherranefnd um samræmingu mála eða ríkisstjórn.

2. gr.

Ábendingar fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti tilkynnir viðkomandi ráðuneyti og forsætisráðuneyti innan tveggja vikna, sbr. 1. gr., ef það telur að áform um lagasetningu kalli á ítarlegt mat á áhrifum á ríkissjóð og efnahagsmál sem kynna þurfi ráðuneytinu áður en byrjað er að semja frumvarp. Sama á við ef áform rúmast að mati fjármála- og efnahagsráðuneytis ekki innan útgjaldaramma viðkomandi málefna sviðs eða málaflokks.

3. gr.

Opið samráð.

Að loknu innra samráði ráðuneyta, sbr. 1. og 2. gr., skal kynna almenningi áform um lagasetningu og frummat á áhrifum og gefa kost á umsögnum og ábendingum. Þetta á þó ekki við ef sérstök rök mæla gegn slíkri birtingu, svo sem ef mál er sérlega brýnt. Hæfilegur frestur skal gefinn til athugasemda, að minnsta kosti tvær til fjórar vikur. Niðurstöður samráðs skulu birtar eins fljótt og unnt er, að jafnaði innan þriggja mánaða frá því að umsagnarfresti lauk.

Ákvörðun um takmarkað eða ekkert samráð við almenning og hagsmunaaðila skal ráðherra rökstyðja í greinargerð með frumvarpi eða þingsályktunartillögu.

II. KAFLI

Þingmálaskrá.

4. gr.

Þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar.

Þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar skal tekin til meðferðar á ríkisstjórnarfundi áður en hún er send Alþingi, sbr. 1. og 2. mgr. 47. gr. laga um þingsköp Alþingis. Með þingmálaskrá er Alþingi gefið raunhæft yfirlit yfir fyrirhuguð þingmál ríkisstjórnarinnar. Þingmálaskráin skal undirbúin og frá henni gengið í samræmi við leiðbeiningar forsætisráðuneytis. Áform um lagasetningu og frummat á áhrifum skulu að jafnaði hafa verið kynnt, sbr. I. kafla, áður en mál eru sett á þingmálaskrá.

III. KAFLI

Stjórnarfrumvörp og þingsályktunartillögur.

5. gr.

Undirbúningur og frágangur stjórnarskjala.

Frumvörp og þingsályktunartillögur skulu undirbúin og frá þeim gengið í samræmi við samþykkt þessa og leiðbeiningar sem dómsmálaráðuneytið útbýr og birtir á innri vef Stjórnarráðsins.

Skrifstofa löggjafarmála í dómsmálaráðuneyti sér um gæðarýni og lokayfirlestur frumvarpa og þingsályktunartillagna. Skrifstofan annast einnig frágang slíkra stjórnarskjala.

6. gr.

Íslensk lagahefð o.fl.

Frumvörp og þingsályktunartillögur skal setja fram á vönduðu og skýru máli. Þá skulu frumvörp falla vel að gildandi lögum og vera í samræmi við íslenska lagahefð. Þingmálið er íslenska.

Í greinargerð skal gefið yfirlit yfir meginefni frumvarpsins. Skýrt skal koma fram hvaða breytingar eru lagðar til á gildandi lögum, bæði ný efnisatriði og þau sem felld eru brott. Þá skulu ákvæði einstakra greina útskýrd eftir því sem þörf krefur.

7. gr.

Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Í greinargerð með frumvarpi skal greina frá tilefni lagasetningar, því markmiði sem að er stefnt og þeim valkostum sem fyrir hendi voru til að ná því fram. Þá skal rökstutt hvers vegna leið lagasetningar var valin.

Ef frumvarp er ekki á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar skal ráðherra rökstyðja í gögnum sem lögð eru fyrir ríkisstjórn hvers vegna frumvarp skuli eigi að síður lagt fram.

8. gr.

Stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Í greinargerð með frumvarpi skal fjalla um samræmi þess við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar enda gefi frumvarpið tilefni til slíks mats.

9. gr.

Samráð.

Ef frumvarp eða þingsályktunartillaga varðar málefna við annars ráðuneytis skulu þau borin sérstaklega undir viðkomandi ráðuneyti á undirbúningsstigi.

Drög að frumvörpum og þingsályktunartillögum skulu kynnt almenningi og hagsmunaaðilum í opnu samráði og kostur gefinn á umsögnum og ábendingum. Þetta á þó ekki við ef sérstök rök mæla gegn slíkri birtingu, svo sem ef mál er sérlega brýnt. Hæfilegur frestur skal gefinn til athugasemda, að minnsta kosti tvær til fjórar vikur. Niðurstöður samráðs skulu birtar eins fljótt og unnt er, að jafnaði innan þriggja mánaða frá því að umsagnarfresti lauk.

Í greinargerð með frumvarpi skal rakið hverja frumvarp snertir fyrst og fremst, hvernig samráði hafi verið háttað, hvaða megin sjónarmið komu fram og hvort eða hvernig brugðist hafi verið við þeim. Hið sama á við um þingsályktunartillögur eftir því sem við á.

Ákvörðun um takmarkað eða ekkert samráð við almenning og hagsmunaaðila um drög að frumvarpi eða þingsályktunartillögu skal ráðherra rökstyðja í greinargerð.

10. gr.

Mat á áhrifum.

Hver ráðherra skal í samræmi 66. gr. laga um opinber fjármál leggja mat á áhrif stjórnarfrumvarpa, þ.m.t. fjárhagsleg áhrif, sem hann hyggst flytja á Alþingi og skal matið birt sem hluti af greinargerð með frumvarpinu. Mat á áhrifum skal taka til fjölbreyttra þátta, svo sem áhrifa á jafnrétti og áhrifa á umhverfi og loftslag. Við mat á áhrifum skulu markmið og tilætluð áhrif lagasetningar dregin skýrt fram.

Mat skv. 1. mgr. skal kynnt fjármála- og efnahagsráðherra að jafnaði tveimur vikum áður en fyrirhugað er að leggja frumvarp fyrir ríkisstjórn. Fjármála- og efnahagsráðherra skal leggja mat á það innan tveggja vikna frá því að frumvarp berst honum hvort hann telji ástæðu til að veita umsögn um matið og eftir atvikum efnahagslega þýðingu þess. Viðkomandi ráðuneyti og dómsmálaráðuneytinu skal tilkynnt afstaða fjármála- og efnahagsráðherra þegar hún liggur fyrir. Kjósi fjármála- og efnahagsráðherra að veita umsögn skal hann senda viðkomandi ráðherra umsögn sína eigi síðar en fjórum vikum eftir að frumvarp barst honum til kynningar og skal umsögnin þá fylgja frumvarpinu þegar það er lagt fyrir ríkisstjórn og Alþingi.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti leiðbeinir um framkvæmd þessa ákvæðis í samráði við dómsmálaráðuneyti, sjá einnig leiðbeiningar sem birtar eru á innri vef Stjórnarráðsins, sbr. 5. gr.

11. gr.

Áhrif á fjárhag sveitarfélaga.

Þegar fyrirsjáanlegt er að frumvarp muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skal fara fram sérstakt mat á slíkum áhrifum, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, sem skal lagt fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar. Viðkomandi ráðuneyti skal í kostnaðarmati frumvarps gera grein fyrir niðurstöðunni og hvort ágreiningur sé við Samband íslenskra sveitarfélaga. Ráðuneyti sveitarstjórnarmála gefur nánari leiðbeiningar um hvað felast skuli í matinu og um framsetningu kostnaðarumsagnar sem skal fylgja frumvarpi ef ágreiningur hefur orðið um niðurstöðu kostnaðarmats, sbr. 4. mgr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga.

12. gr.

Mat á nauðsyn eftirlitsreglna.

Þegar frumvarp felur í sér ákvæði um eftirlit með starfsemi fyrirtækja eða einstaklinga skal fylgja því greinargerð um mat skv. 1. og 2. mgr. 3. gr. laga um opinberar eftirlitsreglur. Sú greinargerð skal að lágmarki unnin í samræmi við „Grunnmat á eftirlitsreglum“ sem birt er á vef Stjórnarráðsins.

13. gr.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið.

Ef frumvarp felur í sér innleiðingu á EES-gerð eða heimild til slíkrar innleiðingar skal þess getið í ákvæði næst á undan gildistökuákvæði, enda beri aðrar greinar frumvarpsins það ekki skýrt með sér. Tekið skal fram í greinargerð með frumvarpinu hvaða leiðir hafi verið færar til innleiðingar á gerðinni og hvers vegna sú leið sem lögð er til hafi orðið fyrir valinu.

Þá skulu í greinargerð með frumvarpinu koma fram þau efnisatriði sem tilgreind eru í 8. gr. reglna forsætisnefndar Alþingis um þinglega meðferð EES-mála, sbr. 37. gr. laga um þingsköp Alþingis.

Frumvörp til innleiðingar á EES-gerð skulu að meginstefnu til aðeins fela í sér þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að endurspegla þá EES-skuldbindingu

sem við á. Varði frumvarpið fleiri atriði en innleiðingu gerðar skal í greinargerð tilgreina sérstaklega hvaða greinar frumvarpsins eru til innleiðingar auk þess sem rökstyðja ber hvers vegna talið var nauðsynlegt að víkja frá meginreglum um hrein innleiðingarfrumvörp.

Gæta skal að tilkynningarskyldu gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og biðstöðuskyldu íslenska ríkisins varðandi ríkisaðstoð skv. 61. gr. EES-samningsins.

Gæta skal að tilkynningarskyldu gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) þar sem það á við, t.d. varðandi tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu sem geta haft í för með sér óheimilar tæknilegar viðskiptahindranir, sbr. lög um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, og ákvæði er varða frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu) á Íslandi, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar um tilkynningar til Eftirlitsstofnunar EFTA í tengslum við þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

14. gr.

Umsögn dómsmálaráðuneytis og afgreiðsla ríkisstjórnar.

Frumvörp til laga sem ráðherrar hyggjast flytja á Alþingi sem stjórnarfrumvörp skulu áður tekin til meðferðar á ríkisstjórnarfundum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglna um starfshætti ríkisstjórnar, sbr. og 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um Stjórnarráð Íslands. Sama gildir um tillögur til þingsályktunar.

Stjórnarfrumvörp, önnur en frumvarp til fjárlaga og fjárákjalaga, skulu senda skrifstofu löggjafarmála í dómsmálaráðuneytinu til yfirferðar og umsagnar í síðasta lagi tveimur vikum fyrir ríkisstjórnarfund þar sem til stendur að leggja frumvarp fram.

Stjórnarfrumvarpi skal við framlagningu í ríkisstjórn fylgja stöðluð samantekt um efni máls og undirbúning þess, umsögn skrifstofu löggjafarmála og eftir atvikum önnur fylgiskjöl. Dómsmálaráðuneytið útbýr eyðublað fyrir staðlaða samantekt.

Við umfjöllun um stjórnarfrumvarp í ríkisstjórn skal liggja fyrir umsögn skrifstofu löggjafarmála um það hvort frumvarpið hafi verið unnið í samræmi við samþykkt þessa og leiðbeiningar ráðuneytisins, sbr. 5. gr. Forsætisráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef brýna nauðsyn ber til.

Samþykkt í ríkisstjórn 24. febrúar 2023.

c. Gátlisti við mat á fjárhagsáhrifum

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

GÁTLISTI VIÐ MAT Á FJÁRHAGSÁHRIFUM

– sbr. eyðublaðið „Mat á áhrifum lagasetningar“

Til að samræma vinnu við greiningu og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið, við undirbúning stjórnarfrumvarpa, hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið tekið saman gátlista um helstu atriði sem getur þurft að huga að í matinu. Slíkur listi getur ekki orðið tæmandi og taka þarf mið af öðrum áhrifavöldum sem eiga við í hverju tilviki.

Launa- og starfsmannakostnaður

- Fjöldi starfa.
- Launataxtar, meðallaun, launatengd gjöld.
- Stjórnir eða nefndir og þóknanir til þeirra.
- Lífeyrisskuldbindingar.
- Biðlaun. Fjöldi þeirra sem eiga rétt og áætluð heildarskuldbinding.

Annar rekstrarkostnaður en laun

- Breyting á magni og gæðum veittrar þjónustu.
- Aðkeypt sérfræðiþjónusta.
- Hugbúnaður og tölvuvinnsla.
- Fræðsla, útgáfa, kynningar o.þ.h.
- Akstur, ferðir og uppihald.
- Rekstrarkostnaður vegna húsnæðis.
- Vörukaup.

Húsnæðis- og stofnkostnaður

- Breytt húsnæðisþörf, m.a. stærð og gerð húsnæðis.
- Innréttingar og breytingar á núverandi húsnæði.
- Tækja- og búnaðarkaup.
- Kaup og sala á fasteignum.

Stjórnun og skipulag

- Skipulag, verkaskipting og vinnulag. Einföldun eða meiri kröfur.

- Ábyrgð á og eftirlit með kostnaði og tekjum.
- Málsmeðferð við töku ákvarðana um kostnað, umbúnaður útgjaldastýringar.

Bótakerfi - tilfærslur til einstaklinga

- Fjárhæðir, viðmið um tekjumörk, eignamörk, fjölskyldugerð - bótaréttindi
- Áhrif á mismunandi hópa t.d. eftir tekju- eða aldursbilum.
- Áætlaðar bótagreiðslur m.v. bótaréttindi og fjölda bótaþega.

Styrkjakerfi - tilfærslur til fyrirtækja eða einkaaðila

- Styrkjafjárhæðir, þök, viðmið um starfsemi - réttur til styrkja.
- Áhrif á mismunandi fyrirtæki/aðila eða atvinnugreinar t.d. eftir tegund starfsemi.
- Áætlaðar styrkveitingar m.v. rétt til styrkja og fjölda fyrirtækja/aðila.

Stærri fjárfestingar og framkvæmdir

- Áfangaskipting fjárfestingar eða framkvæmdar eftir árum þ.m.t. kostnaður.
- Heildarumfang verkefnisins þar til það er fullbúið.
- Rekstrarkostnaður eftir að tæki, fasteign eða mannvirki er komið í notkun.

1

Útg. 1 – Ágúst 2017

Tekjur

- Áhrif frumvarps á tekjur ríkissjóðs (með beinum og óbeinum hætti)
- Gjaldtökuheimildir. Feli frumvarp í sér nýja eða breytta gjaldtöku er það jafnan metið af skrifstofu skattamála fjármála- og efnahagsráðuneytisins hvort gjaldtökuákvæði eru í samræmi við sjónarmið og lagaákvæði sem um slíkt gilda.
- Áætlun um veltu og aðgreining sértekna stofnunar og ríkistekna.

Sjóðstreymi og efnahagsreikningur

- Hlutafé- og stofnfjárframlög.
- Eignasala.

Efnahagsleg áhrif frumvarpa

- Áhrif á efnahagsforsendur, sem valdið geta breytingum til skemmri eða lengri tíma, á stöðu ríkissjóðs
- Áhrif á jöfnun gæða.

- Áhrif á fjárfestingu og framkvæmdir.
- Áhrif á skuldir og eignir fyrirtækja og einstaklinga.
- Áhrif á verðlagsforsendur, atvinnuleysi og atvinnutækifæri.
- Áhrif á gjaldeyrismál, peningamál og fjármálastöðugleika.

Eftirfarandi komi fram í mati á fjárhagsáhrifum

- Bæði áhrif til hækkunar og til lækkunar en ekki aðeins nettó áhrif.
- Verðlagsforsendur, ef notaðar eru aðrar forsendur en áætlað meðalverðlag ársins.
- Hvort munur er á skuldbindingum sem gjaldfærðar verða á árinu (rekstrargrunnur) og þeim kostnaðarliðum sem standa þarf undir á árinu með beinum fjárgreiðslum eða innheimtum tekjum (greiðslugrunnur).
- Hvernig ætlunin er að fjármagna útgjöld umfram það sem tekjur geta staðið undir.
- Hvernig kostnaður og tekjur falla til í tíma, á gildistökuárinu og eftirleidis.
- Hvaða kostnaður og tekjur eru eins skiptis eða tímabundin.
- Hversu nákvæmt matið er og á hversu traustum gögnum það er reist. Þetta má stundum gera með því að áætla neðri og efri mörk fjárhæða.

Önnur áhrif sem hafa þýðingu fyrir fyrirkomulag ríkisfjármála

- Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum
- Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál
- Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs
- Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda - lagakröfur
- Rekstrarform ríkisstarfsemi
- Opinber innkaup og útboð
- Eignaumsýsla ríkisins
- Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna
- Ríkisstyrkir og ívilnanir þ.m.t. samræmi við reglur ESA

